

sbr. 85. grein, eða önnur viðbótariðgjöld og greiðslur, þ.á m. greiðslur skv. 1. mgr., sem eru til lækkunar á skuldbindingum launagreiðenda skv. 1. mgr. 84. greinar.

Sé skuldbinding launagreiðanda gerð upp með skuldabréfi skal það tryggt með ábyrgð ríkissjóðs eða uppfylla með öðrum hætti ákvæði 25. greinar.

X. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

Bann við framsali og veðsetningu.

87. gr.

Réttur til lífeyris skv. samþykktum þessum verður ekki framseldur eða veðsettur né verður gert í honum fjárnám eða löghald. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfuna á nokkurn hátt og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda að frátöldum afdrætti staðgreiðslu opinberra gjalda skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Gildistaka.

88. gr.

Samþykktir þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins taka gildi við birtingu þeirra.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið breytingar á samþykktum þessum. Taka þær gildi eftir að hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðherra skv. 7. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og verið birtar.

Með vísan til 7. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, staðfestast samþykktir þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 1997.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

Samkvæmt lögum nr. 66/1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku er taki gildi 1. apríl 1997:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku nr. 318 6. júní 1996, með áorðnum breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 3% frá og með 1. apríl 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. mars 1997.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.